


Íbúafundur um framtíð áætlunarflugs



Miðvikudagskvöld 5. júní kl. 20:30

í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn

Íbúum og fulltrúum fyrirtækja á áhrifasvæði áætlunarflugs til Þórshafnar er hér með boðið til fundar með fulltrúum innanríkisráðuneytisins og Isavia ohf. um framtíð áætlunarflugs, í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn, miðvikudagskvöldið 5. júní kl. 20:30

Markmið fundarins er að virkja íbúa og fyrirtæki til þátttöku við að móta vísbendingar og mælikvarða til að meta áhrif flugsins á lífsgæði íbúa.

Í Samgönguáætlun 2011-2022 eru skilgreind stefnumótandi verkefni sem eiga að styrkja faglega vinnu við endurskoðun samgönguáætlunar, meðal þeirra er „*Félagshagfræðileg úttekt á framtíð áætlunarflugs innanlands.*“ Markmið verkefnisins er að leitast við að greina mikilvægi og áhrifa áætlanaflugs á lífsgæði íbúa og svæðisbundna þætti s.s. rekstrarumhverfi fyrirtækja, stofnana og atvinnu á áhrifasvæðum innanlandsflugs. Niðurstöður eiga að mynda grunn að faglegri aðferðafræði við forgangsröðun framkvæmda og ráðstöfunar fjármuna í samgöngum.

Aðstoð íbúa og fyrirtækja við að meta og mæla áhrif flugsins á lífsgæði skipta miklu máli fyrir gæði og gagnsemi niðurstaðna.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

Félagshagfræðileg greining - Kynning á verkefninu og markmiðum þess

Samfélagslegir virðisþættir; Áhrif áætlunarflugsins á lífsgæði.

Hvað á að meta og hvers vegna? Umræður með virkri þátttöku fundargesta

Við vonumst til að sem flestir sjái sér fært að mæta.

Innanríkisráðuneytið og Isavia ohf



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

 ISAVIA